

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1041

Dagsetning: 8. október 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Lilja Björk Kristinsdóttir, teymisstjóri á skrifstofu HH, sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 1. október 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Erindi EL og Persónuverndar um sjúkraskrá

Farið var yfir stöðuna og svör HH við erindum frá embætti landlæknis og Persónuvernd.

4. Eftirlit með sjúkraskrá

Lilja Björk Kristinsdóttir, teymisstjóri á skrifstofu HH, kom á fundinn til að ræða eftirlit með notkun á sjúkraskrá innan HH. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að hafa öflugt eftirlit og að starfsfólk verði upplýst um eftirlitið.

5. Staðan í geðheilbrigðisþjónustu

Farið var yfir stöðuna í geðheilbrigðisþjónustu hjá HH, afköst og gæðavinnu framundan.

6. Húsnæði Geðheilsuteymis taugaproskaraskana

Rætt var hvort hægt sé að færa Geðheilsuteymi taugaproskaraskana úr Vegmúla í hentugra húsnæði. Skipuleggja þarf starfsemi í Vegmúlanum miðað við fyrirsjáanlega stækkun teyma í húsinu.

7. Laun sjúkraþjálfara

Umræður um launakjör sjúkraþjálfara hjá HH. Kjarasamningsviðræður ríkisins við Félag sjúkraþjálfara eru í gangi, en þegar samningar hafa verið undirritaðir er reiknað með að viðræður um stofnanasamning fyrir stéttina fari í gang.

8. Vinnustofa um Barnahús

Rætt var um ósk frá heilbrigðisráðuneytinu um að HH taki þátt í vinnustofu um stjórnkerfi Barnahúss. Ákveðið var að Anna Sigríður Vernharðsdóttir, leiðtogi ljósmæðra, taki þátt fyrir hönd HH.

Aðgerðir og verkefni

- Svara þarf erindum frá embætti landlæknis og Persónuverndar, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Upplýsa þarf einkarekna heilsugæslustöðvar sem eru með samning við HH um sjúkraskrá um stöðu mála, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK
- Fara þarf yfir skipulag eftirlits með sjúkraskrá innan HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: NSK
- Fara þarf yfir húsnæðismál í Vegmúla og mögulega stækkun teyma, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Upplýsa þarf um fulltrúa HH í vinnustofu um stjórnkerfi Barnahúss, sjá lið 8.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:30.